



33. FUNDUR Í BÆJARSTJÓRN BLÖNDUÓSBÆJAR

Dagsetning: 14. maí 2013, kl. 17:00

Bæjarstjórn Blönduósbæjar kom saman til 33. fundar þriðjudaginn 14. maí 2013 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason, setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 17. apríl 2013**
 - b. **Bæjarráð frá 22. apríl 2013**
2. **Innkaupareglur – fyrri umræða**
3. **Samþykkt um stjórn sveitarfélaga – fyrri umræða**

Afgreiðslur:

1. **Fundargerðir:**
 - a. **Bæjarráð frá 17. apríl 2013**

Fundargerðin er í fjórum liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Nokkrar umræður urðu um fundargerðina en að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.
 - b. **Bæjarráð frá 22. apríl 2013**

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Miklar umræður urðu um fundargerðina. Að því loknu var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. **Innkaupareglur – fyrri umræða**

Lögð fram fyrirmynd að Innkaupareglum fyrir sveitarfélög frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga en reglur þessar eru settar til að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum sveitarfélaga og tryggja gæði vöru, þjónustu og verka sem sveitarfélag kaupir. Ennfremur skulu reglurnar stuðla að því að lítið sé til umhverfissjónarmiða og líftíma vöru við innkaup.



Miklar umræður urðu um fyrirmyndina að reglunum og rætt var um fjárhæðir varðandi útboð á þjónustu, vörukaupum og framkvæmdum. Einnig um verðfyrirspurnir fyrir sömu liði.

Fulltrúar L-listans óskuðu eftir fundarhléi.

Lagðar voru fram viðmiðunartölur fyrir væntanlegar innkaupareglur Blönduósbæjar.

Að því loknum var samþykkt með 7 atkvæðum að vísa tillögunni til úrvinnslu í bæjarráði og að því loknu til síðari umræðu á næsta reglulega fundi bæjarstjórnar.

3. Samþykkt um stjórn sveitarfélaga – fyrri umræða

Á grundvelli 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. síðari breytingar, hefur innanríkisráðuneytið samið fyrirmynd að samþykkt um stjórn sveitarfélaga. Gildir sú fyrirmynd þar til ráðuneytið hefur staðfest sérstaka sambærilega samþykkt fyrir sveitarfélag.

Lögð voru fram drög að samþykktum um stjórn sveitarfélaga. Miklar umræður urðu um framlagðar samþykktir en að þeim loknum var samþykkt með 7 atkvæðum að vísa tillögunni til auka bæjarstjórnarfundar þann 21. maí 2013.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:55.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Anna Margret Sigurðardóttir (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)